

## 2. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 12. júní 2018



Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar, íþróttahúsinu að Varmá, í Mosfellsbæ.

Mættir stjórnarmenn: Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), formaður.  
Geirarður Long (GL), meðstjórnandi.  
Haukur Skúlason (HS), meðstjórnandi.  
Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), meðstjórnandi.  
Þórdís Sveinsdóttir (ÞS), varamaður í stjórn  
Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), varamaður í stjórn

Stjórnarmenn sem boðuðu forföll:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), meðstjórnandi.

Mættir starfsmenn: Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri.  
Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundargesti velkomna kl. 18:15.

Dagskrá:

1. Staðan á samstarfssamningi á milli UMFA og Mosfellsbæjar
  - a. Stjórn sendi opið bréf á bæjarstjórn en engin viðbrögð hafa borist nema frá fulltrúum minnihlutans. Þjóða fulltrúum minnihlutans á fund með stjórn til að fara yfir stöðuna, þar sem þeir hafa þegar svarað bréfinu. Skv. bókun meirihluta í bæjarráði er bæjarstjóra falið að undirrita samninga á grundvelli fyrirbyggjandi samningsdraga, við félög sem hafa lýst yfir vilja til slíks.
  - b. Óljóst með stöðuna á samningi og mikilvægt að ná lendingu í sumar.
  - c. Stjórn ákveður að gefa nýrri bæjarstjórn færi á að hefja starf sitt og óska svo eftir fundi með fulltrúum.
  - d. Stjórn samþykkir að setja bréfið á heimasíðu félagsins að undangenginni formannafundi þann 13. júní.
2. Staða deilda - fóstrakerfi
  - a. Stjórn verði sýnilegri gagnvart deildum félagsins og stjórnarmenn yrðu tengiliðir þeirra. Slíkt fyrirkomulag yrði til þess fallið að veita stjórnnum deilda stuðning og aðstoð, sé þörf á slíku, og styrkja starf þeirra. Kynna þetta á formannafundi 13. júní.
  - b. Samstarf á milli UMFA og Fram um meistaraflokk kvenna.
    - i. Fundir á milli JJK og fulltrúa frá Fram um að rétta af fjárhagsstöðu samstarfsins. Klára sumarið og taka svo málið fyrir. Það er vilji hjá Fram að vinna að lausn ásamt UMFA.

- c. Fimleikadeild er í vandræðum með þjálfara og hefur auglýst. JJK og HBH munu hitta stjórn fimleikadeildar og fara yfir þessi mál auk annarra
3. Sumarfrí og hugleiðingar skrifstofu
  - a. HBH verður með viðveru á skrifstofu í sumar, JJK gerir ráð fyrir að dreifa sínu fríi á næstu 2-3 mánuði.
  - b. JJK leggur til að félagið kaupi búnað til að taka upp og senda beint út viðburði eða leiki á vegum félagsins. Samþykkt að fela JJK að kanna málið nánar og ganga frá kaupum á þeim forsendum sem lagðar voru fram. Aðalstjórn kaupir búnaðinn og leigir til deilda eftir þörfum, leiga standi undir viðhaldi og endurnýjun búnaðar.
4. Starfsáætlun stjórnar
  - a. JJK dreifir starfsáætlun stjórnar sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundum.
5. Heimasíða Aftureldingar
  - a. Stefnt að því að vera komin með nýja heimasíðu félagsins í haust. Netvöktun ehf. átti besta tilboðið.
6. Búningar Aftureldingar
  - a. Búninganefnd skoðaði tilboð frá Errea, Jako og Puma.
  - b. Nefndin ákvað að skoða nánar tilboð frá Jako og Puma.
  - c. Tilboð Jako var hagstæðast.
  - d. Stjórn óskar eftir þeim gögnum sem nefndin vann út frá til að geta mótað sér upplýsta afstöðu til tilboðanna.
  - e. Stjórn mun funda með búninganefnd mánudaginn 18. júní til að fara yfir niðurstöður hennar.
7. Önnur mál
  - a. UMFA óskaði eftir því að UMSK tæki að sér að fara yfir fjárhag handknattleiksdeildar. UMSK svaraði því að sambandið treysti sér ekki til að taka málið að sér. UMSK lagði til að UMFA fengi löggiltan endurskoðanda til að taka málið að sér. Stjórn samþykkir að leita að endurskoðanda til taka að sér að skoða málið.
  - b. Skipting fjármuna innan handknattleiksdeildar á milli mfl. karla og kvenna er mjög kvennaflokki í óhag. Stjórn óskar eftir því við stjórn deildarinnar að hún skili inn áætlun um hvernig lagfæra megi þetta hlutfall, kvennaflokki í hag, fyrir 1. ágúst 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00